AUGLÝSING

um gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. fyrir hitaveitur.

Samkvæmt lögum nr. 40 30. maí 2001 og orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. er taki gildi 1. ágúst 2002.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. fyrir hitaveitur, nr. 685, 1. júlí 2001, breytist þannig: Allir gjaldskrárliðir hækka um 3,0%.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. júlí 2002.

Þorgeir Örlygsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ

um jöfnun námskostnaðar.

1. gr.

Almenn skilyrði.

Nemendur á framhaldsskólastigi, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum eiga rétt til námsstyrkja til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun vegna búsetu svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari:

a. Nemandi stundar reglubundið nám á framhaldsskólastigi hér á landi, sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi, enda sé um að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám við framhaldsskóla sem falla undir ákvæði laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, með áorðnum breytingum. Námsstyrkjanefnd er heimilt að styrkja annað hliðstætt nám á framhaldsskólastigi.
b. Nemandi getur ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað.
c. Nemandi nýtir ekki rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða nýtur hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a. Reglubundið nám. Nemandi telst stunda reglubundið nám hafi hann tekið próf til fullnustu a.m.k. 12 eininga námi á önn sem telst hluti af skipulögðu námi skóla eða skóli staðfestir námsárangur með ástundunarvottorði, ef námi lýkur ekki með prófi. Ef námi er ekki lokið vegna veikinda skal skóli staðfesta móttöku á fullgildu læknisvottorði.
b. Sambærilegt nám. Við mat á því hvort sambærilegt framhaldsnám verði stundað í heimabyggð eða ekki er alfarið vísað til námsbrautarlýsingar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, ef um nám á 1. ári samkvæmt skipulagi skóla er að ræða. Í fylgiskjali I er listi yfir staði þaðan sem nám á tilgreindum brautum á 1. ári telst ekki styrkhæft vegna dvalar fjarri lögheimili. Á síðari stigum framhaldsnáms þ.e. að loknu 1. ári er ekki vísað til námsbrautarlýsingar heldur til mats umsækjanda á eðli og gæðum skóla eða einstakra námsáfanga.